

Sp.

182. Tillaga til þingsályktunar

[127. mál]

um sameiningu löggæzlu og tollgæzlu.

Flm.: Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem auðið er, sameina almenna löggæzlu og tollgæzlu í hinum stærri kaupstöðum landsins.

Greinargerð.

Almenn löggæzla og tollgæzla eru tveir þættir réttarvörzlu hins opinbera. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en utan Reykjavíkur hafa sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar með höndum stjórn beggja þessara þátta réttarvörzlunnar, hver í sínu umdæmi. Væri því eðlilegt og raunar sjálfsagt að dómi flm., að náði samstarf og samvinna væri með þeim starfsmönnum, sem annast almenna löggæzlu og tollgæzlu á einum og sama stað, en svo er þó ekki í rauninni víðast hvar. Að vísu mun það vera svo, að í kaupúnum og smærri kaupstöðum, þar sem engir fastir lögreglumenn eru, en tollvörður er starfandi, mun hann einnig að einhverju leyti gegna störfum sem löggæzlumaður á samkomum, en í stærri kaupstöðum landsins, þar sem er fast lögreglulið og einnig starfandi tollvörður eða tollverðir, er samstarf og samvinna með þessum starfsmönnum lítil sem engin. Verður þetta skiljanlegt, þegar þess er gætt, að á undanförunum árum hefur fjármálaráðuneytið í vaxandi mæli tekið í sínar hendur beina stjórn tollgæzlunnar í stærri kaupstöðum utan Reykjavíkur, og hefur tollstjórastarf yfirvalda í viðkomandi kaupstöðum lítið reynzt annað en nafnið eitt, hvað viðkemur húsbóndavaldi yfir tollgæzlumönnum, ráðningu þeirra o. s. frv. Hvort slík bein stjórn fjármálaráðuneytisins telst eðlileg og æskileg eða ekki, skal látið liggja milli hluta hér, en hitt telur flm. augljóst, að starfskraftar lögreglumanna og tollvarða í stærri kaupstöðum landsins mundu nýtast betur með nánari samvinnu og samræmdari stjórn lögregluliða og tollgæzluliða á þessum stöðum en nú er til að dreifa. Telur flm. langt frá því vera útilokað, að lögreglumenn gætu á vissum stöðum bætt á sig tollgæzlunni þar að einhverju eða öllu leyti, án þess að hagsmunum hins opinbera væri að neinu leyti stofnað í hættu með því. Almenn löggæzla tollvarða gæti og að sjálfsgöðu komið til greina, þar sem slíkt þætti henta.

Á Alþingi 1954 bar Karl Kristjánsson, þáverandi þm. Suður-Þingeyinga, fram tillögu til þingsályktunar, sem að efni til hné mjög í sömu átt og þessi tillaga. Sú tillaga var samþykkt á því þingi, og mun m. a. hafa leitt af samþykkt hennar, að ráðnir voru menn til sameiginlegra löggæzlu- og tollgæzlustarfa í þremur af minni kaupstöðum landsins. Hins vegar er ekki vitað, að neitt hafi enn verið aðhafzt til að sameina eða koma á nánara samstarfi milli tollgæzlu og löggæzlu í hinum stærri kaupstöðum landsins, þótt slík sameining eða a. m. k. náði samstarf sé að dómi flm. mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt.